

HAFNARFJARÐARBÆR
Umhverfis- og
skipulagsþjónusta



www.hafnarfjordur.is



Ásvellir

19. fundur starfshóps um uppbyggingu Ásvalla var haldinn á Ásvöllum, þann 10. október 2017 kl. 17:30.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

| | | |
|--------------------------------|-----|---------|
| Helga Ingólfssdóttir, formaður | HI | |
| Helga B Arnardóttir | HBA | |
| Friðþjófur H Karlsson | FHK | forföll |
| Samúel Guðmundsson | SG | |
| Þorgeir Haraldsson | ÞH | forföll |
| Ingimar Haraldsson | IH | |

Með starfshópnum starfa:

| | | |
|---------------------|----|------------------------|
| Sigurður Haraldsson | SH | Sviðsstjóri - |
| Geir Bjarnason | GB | íþróttafulltrúi |
| Magnús Gunnarsson | MG | Framkvæmdastjóri Hauka |

Eftirfarandi var tekið fyrir.

- 1. Bréf Hauka til Hafnarfjarðarbæjar.**
Ekki er búið að klára málið í bæjarráði.
Fulltrúar Hauka leggja áherslu á að ef ákvörðunin verði samþykkt – það er að breyta eignarhaldi vegna æfingarhússins, að Hafnarfjarðarbær reyni að ljúka uppgjöri við Hauka á þessu ári vegna hönnunar og loftræstisamstæða.
- 2. Verkefni sem Haukar áttu að sjá um**
Hafnarfjarðarbær og Haukar eru að fara yfir gögn vegna lýsingar, parketts, skortöflu og karfa.
- 3. Eignaskiptasamningur**
Þegar ákvörðun liggur fyrir vegna liðar 1, verður eignaskiptasamningi milli aðilia lokið.
- 4. Verkstaða**
Viktor Sigurðsson eftirlitsmaður Hafnarfjarðarbæjar fór yfir stöðu á verkefninu.
Verktaki stefnir á að æfingarhúsið verði tilbúið í byrjun febrúar 2018. Rætt var um mansalsákvæði verksamningsins og hvernig eftirlit gæti fylgst með því.

5. Búnaður vegna íþróttakennslu

Íþróttafulltrúi er að klára lista yfir búnað vegna íþeóttakennslu.

6. Opnun hússins.

Rætt var um að taka húsið formlega í notkun á afmæli Hauka þann 12. apríl 2018.

7. Önnur mál.

Fulltrúar Haukanna vilja setja af stað vinnu vegna breytinga á deiliskipulagi innan lóðar, þar sem staðsetning byggingar vegna knattspyrnuhúss verði færð og færð á núverandi æfingarsvæði.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:20